



Myndkynning

Grafik

Sölusýning

Kjarvalsstaðir 27. ágúst til 5. sept.

1977



Nú fer í hönd önnur listsýning félagsskapparins Myndkyrningur hér á Kjarvalsstöðum en fyrri sýning þess mun mörgum minnstæð fyrir verk nokkurra heimsþekktara grafíklistamanna, auk verka Errós. Að þessu sinni má finna nokkur þessara verka aftur en bróðurpartur sýningarinnar er nýr af nálinni og samanstendur af færeyskum gesti, Eyvindi Mohr, sem fjallað er um annarsstaðar, nokkrum helstu grafíklistamönnum Þjóðverja, tveimur bestu ný-raunsæislistamönnum Frakka, þeim Martial Raysse og Jacques Monory, svo og þrem splunkunýjum serígrafíum eftir Erró, unnum sérstaklega fyrir Myndkyrningu.

Ef nefna ætti einhver einkenni á grafík þeirra þýsku listamanna sem hér eru, - einkenni sem einnig komu glögg fram á sýningunni „Þýsk grafík á vorum dögum“ sem hér var haldin í fyrra, - þá er það hin ótrúlega fullkomna tækni þeirra, hugkvæmni og hlutlæg undirstaða. Hrein afstrakt uppbygging virðist horfin fyrir útsetningum á hlutlægri veröld, - útsetningum sem stundum virðast á mörkum hins þekktanlega og hins óþekktanlega, en vísa þó ávallt til veruleikans ef grannt er skoðað. Af þeim þjóðverjum sem hér eru, er það Peter Sorge sem höfðar helst til mín, með samsetningartækni sem er ekki ósvipuð vinnubrögðum Errós. Frönsku listamennirnir Jacques Monory og Martial Raysse hafa lengi staðið fremstir í flokki þeirrar málalistar í Frakklandi sem hóf andóf gegn afstraktlist á sama

tíma og Popplistin gekk yfir Bretland og Bandaríkin og er ýmislegt skylt með þessum hreyfingum. Þeir taka nútímalíf, borgarmenningu og tækniþróun að yrkisefni, - Monory á hlutlausan hátt og oft með aðdáun, en Raysse með meinhæðnum undirtón sem kemur betur fram í málverkum hans. Raysse hefur einnig haft nokkur áhrif á íslenska framúrstefnulistamenn. En það er ástæða til að gleðjast yfir að fá að sjá verk þeirra hér á landi í fyrsta sinn. Við erum einnig heppin að fá að skoða allra nýjustu grafíkmyndir Errós á þessum vettvangi, en milli hans og þeirra tveggja kumpána sem getið er um hér að ofan eru ýmisleg tengsl. Þessar nýju myndir Errós eru einfaldari í sniðum en flest málverk hans, andstæður eru skýrari og ákveðnari. Ljúflegum ástarengli og stúlku úr nýklassískri málalari (uppáhaldsmótíf hjá Erró) er teft á móti græðgislegru erótík úr verki eftir súrrealistann Bellmer. Stjórnklefi úr gamalli flugvél er settur andspænis nútíma geimförum, - helsta yrkisefni Errós síðustu ár. Gjörði svo vel, ykkar er að dæma, segir Erró.

Síðan er afar fróðlegt fyrir okkur íslenska skákáhugamenn að sjá „Skákgrafík“ Ugo Dossi, þar sem skákir frægra manna (þ.á m. Marcel Duchamps og Aljékins) eru útsettar á myndrænan hátt.

Það er fengur að þessari sýningu tyrir alla þá sem láta sig grafík og nýlist varða.

Aðalsteinn Ingólfsson.

MYNDSKRÁ

ERRÓ

- 1 - Astronauts de Rubens. 3. 100, ár. nr.
- 2 - The Lovers. S. 100, ár. nr.
- 3 - Les chiens sur fond rouge. S. 100, ár. nr.
- 4 - Ten past ten. S. 100, ár. nr.
- 5 - Snemma morguns. S. 50, ár. nr.
- 6 - Mao í Tel aviv. S. 150, ár. nr.
- 7 - Space age. S. 100, ár. eint. listam.
- 8 - Sjúklingurinn. L. 100, ár. nr.
- 9 - Pop history. L. 100, ár. nr.
- 10 - Mixed pop. S. 100, ár. eint. listam.
- 11 - The red telephone. L. 100, ár. nr.
- 12 - Cameraman. S. 100, ár. nr.
- 13 - The northern pike. S. 100, ár. nr.
- 14 - Erró-nautic. L. 100, ár. nr.
- 15 - Tears for two. L. 100, ár. nr.
- 16 - Le famille francaise. L. 100, ár. nr.
- 17 - Trois Tolstoi. L. 100, ár. nr.
- 18 - Le voyage désert. L. 100, ár. nr.
- 19 - L'oxigénation d'Erasmus. L. 100, ár. nr.
- 20 - La Reine Elisabeth. L. 100, ár. nr.

UGO DOSSI

- Skák-myndröðin. S. 249, ár. nr.
- 21 - Spassky - Fischer, Reykjavík 1972
 - 22 - Spassky - Petrosjan, Moskvá 1969
 - 23 - Byrne - Fischer, New York 1956
 - 24 - Alechin - Nimzowitsch, Bled 1931
 - 25 - M. Michel - Marchel Duchamp, Strassburg 1924
 - 26 - Alechin - Sämische, Berlin 1923
 - 27 - Pillsbury - Lasker, St. Petersburg 1896
 - 28 - Andersen - Kieseritzky, London 1851
 - 29 - Napoleon - Mme. de Rémusat, St. Helena
 - 30 - Einstein - Oppenheimer

- 31 - **ALEXANDER CALDER**
Autumn. S. ótölus.
- 32 - **PIERO CARABELLESE**
Blómagluggi. L. 275. ár. nr.
- 33 - **CORNEILLE**
Green Woman. L. 120. ár. nr.
- 34 - **WILL BARNET**
Köttur og kanarífugl. L. 225. ár. nr.
- 35 - **WERNER DREWES**
Reflection. Trérista. 250. ár. nr.
- 36 - **CECILIA FRIESENDAHL**
Africa brinner. L. 95. ár. nr.
- 37 - **MAX PAPPART**
The smile of Gilda. L. 120. ár. nr.
- 38 - **GAETANO POMPA**
Riddarinn. L. 75. ár. nr.
- 39 - **JAQUES SOISSON**
Omabra. L. 90. ár. nr.
- 40 - **VICTOR VASARELY**
Bi-Vega. L. 250. ár. nr.
- 41 - **PETER SORGE**
Leise, ganz leise. L. 50. ár. nr.
- 42 - **WOLFGANG ROHLOFF**
Vogel. R. 150. ár. nr.

JENS LAUSEN

- 43 - Landkarte nr. 40. S. 100, ár. nr.
44 - Landkarte nr. 41. S. 100, ár. nr.
45 - Landkarte nr. 10. S. 100, ár. nr.

46 - KLEINHAMMES

Metaphysische Landsch. S. 111, ár. nr.

47 - I. JÖRG

Frosch. L. 13, ár. nr.

48 - H. JANKE

Regn. L. 100, ár. nr.

49 - W. JÖRG

Ständchen. L. 150, ár. nr.

50 - KEMNER

Cosmos. S. 150, ár. nr.

51 - GLASMACHER

Gróður. S. 100, ár. nr.

52 - HAUSNER

Eva. L. 150, ár. nr.

53 - BERNT, DÜERKOP* ROHLOFF

Myndamappa: 3 raderingar, uppl. 80. ár. nr.
með bók um listamennina.

54 - J. MONORY

New York nr. 11. S. 100, ár. nr.

HANS-JÜRGEN DIEHL

55 - Pils. R. 100, ár. nr.

56 - Springerin. R. 150. ár. nr.

57 - MARTIAL RAYSSE

Quatre pas dans les nuages. S. 100, ár. nr.

58 - KLAUS BÖTTGER

Modell. R. 150, ár. nr.

59 - CUECO

Meute dans la forêt. L. 150, ár. nr.

60 - M. RÖDER

Oh du Frödliche. L. 120, ár. nr.

61 - HA. SCHULT

Biokinetisches Depot. S. 150, ár. nr.

Nýjar Grafíkmyndir eftir Erró

Myndkynning býður nú til sölu takmarkað upplag af 3 seríagrafímmyndum eftir ERRÓ.

Myndirnar eru unnar í París sérstaklega í tilefni af sýningu Myndkynningar 1977 að Kjarlvalsstöðum.

Upplag hverrar myndar er 100 eintök og eru þær allar áritaðar og númeraðar af listamanninum.

Verði myndanna er stillt í hóf og verða þær seldar sýningardagana á kr. 25.000.- stk. (að viðbættum sölusk.) óinnrammaðar.

Myndir þessar eru númer 1, 2 og 3 í sýningarskrá.



Félagið
MYNDKYNNING
Pósthólf 1151
Sími 82420.